

Alþingi  
Erindi nr. P 135/422  
komudagur 26. / 4007



Kennarasamband Íslands  
Kennarahúsinu, Laufásvegi 81  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis,  
Austustræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 12 – 12. mál og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar tákn málsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 17 – 17. mál.

Kennarasamband Íslands tekur undir orð flutningsmanna í greinargerð með 12. máli á þskj. 12, á bls. 4 sem eru efnislega á þá leið að með því að lögfesta táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra sé viðurkennd tilvera þessara hópa og ábyrgð stjórnvalda á rétti einstaklinga sem þeim tilheyra til jafns við aðra hvarvetna í samfélaginu. Mikilvægt markmið með starfi Kennarasambands Íslands og aðildarfélaganna þess er að vinna að jafnrétti allra til náms við hæfi og rétti allra til að njóta hæfileika sinna og nýta þá sem best. Í siðareglum kennara stendur meðal annars að þeim ber að virða réttindi nemenda, hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfinu, að sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju, að þeir skuli vinna gegn fordómum og sé óheimilt að mismuna nemendum. Fleiri rök þarf KÍ í sjálfu sér ekki til að taka heilshugar undir þá réttarbót sem frumvarpið felur í sér.

Kennarasambandið leggur á hinn bóginn með skírskotun til beggja frumvarpanna þ.e. þskj. 12 og þskj. 17, ríka áherslu á að lögfesting þeirra verði ekki bókstafurinn einn saman heldur verði málum fylgt fast og skipulega eftir þannig að framtíðarsýn frumvarpsflytjenda um stöðu tákn málsins og réttindi þeirra sem hafa það að móðurmáli standist. KÍ telur að gera þurfi framkvæmdaáætlanir sem taka til málsins eins og það birtist á verksviði mismunandi ráðuneyta bæði hvað varðar fjárþörf, mannafla, fræðslu og nýjar skilgreiningar m.a. í lögum og tekur undir orð í þá veru í greinargerð með þskj. nr. 17.

Kennarasambandið vill leyfa sér að leggja sérstaka áherslu á ofangreint varðandi lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla og frekari útfærslur og skilgreiningar bæði í þeim og á grundvelli þeirra. KÍ tekur undir nauðsyn þess að flétta námi í táknmáli inn í kennaranám. Sambandið undirstrikar að skólar á öllum skólastigum geti boðið starfsmönnum sínum fræðslu og að þeim gefist nauðsynlegur tími til að mæta kröfum í starfi sínu sem hljótast myndu af lögfestingu tákn málsins sbr. þskj. 12. Nú þegar blasa við alvarleg vandamál í skólum vegna þess að sífellt bætast ný störf, nýir starfsþættir og nýjar kröfur við hjá kennurum og kemur sá vandi ofan á þann sem ærinn er fyrir vegna lakra launakjara.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður